

Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



Reykjavík 20. maí 2015
UST201504-099/K.S.J.
10.04.00

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 og tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar að Uppsölum.

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 að Uppsölum. Einnig nær lýsingin yfir tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar á sama svæði. Ofangreint svæði er í um 2 km fjarlægð frá núverandi þéttbýli á Egilsstöðum.

Í lýsingu kemur fram að í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð og frístundabyggð í landi Uppsala. Þar er gert ráð fyrir 32 íbúðarhúsalóðum og 15 lóðum fyrir frístundahús á svæði B15. Á svæði F57 er heimilt að reisa 11 eða fleiri frístundahús. Einnig kemur fram að breytingin sem lýsingin nær yfir gerir ráð fyrir að B15 yfirtaki reit F57 sem þá fellur niður. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir 16 lóðum fyrir stök íbúðarhús á einni hæð og heimild fyrir minni háttar atvinnustarfsemi eða frístundaiðju á svæði sem áður var F57.


Fráveita


Fram kemur í lýsingu að vatns- og fráveita eru áætlaðar í sjálfstæðum einkareknum kerfum.

Skógarreitir

Fram kemur lýsingu að svæðin er taka á undir íbúðabyggð eru að mestu ræktuð tún. Einnig kemur fram að inná milli séu skógarreitir sem komi til með að skýla byggðinni. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að við gerð deiliskipulags fyrir svæðið þá verði þess gætt að upprunalegir birkiskógar verði ekki fyrir röskun við uppbyggingu, en í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er í 39. gr. fjallað um verndun skóga og þar segir m.a. „*Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng-, eða hrísrifri eða á annan hátt.*“

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur